



Stofnskrá

fyrir

Orkurannsóknasjóð Landsvirkjunar

1. gr.

Heiti, stofnendur og varnarþing

Sjóðurinn heitir Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar. Stofnandi sjóðsins er Landsvirkjun, sem starfar samkvæmt lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 með síðari breytingum.

Heimili og varnarþing Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar er að Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur og markmið

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til námsmanna, rannsóknaverkefna við háskóla og stofnanir þeirra svo og til annarra stofnana og fyrirtækja, allt samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins og ákvörðun stjórnar sjóðsins og Landsvirkjunar hverju sinni, sbr. 4. gr. stofnskrár þessarar. Jafnframt er markmið sjóðsins að gera fjárframlög Landsvirkjunar til rannsókna skilvirkari og sýnilegri og tryggja að þær rannsóknir sem sjóðurinn styrkir samrýmist umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins

Landsvirkjun skipar sex manna stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn að höfðu samráði við háskólasamfélagið. Formaður stjórnar, sem Landsvirkjun skipar, fer með tvö atkvæði ef til atkvæðagreiðslu kemur. Leitast skal við þegar ný stjórn tekur við að í henni sitji að minnsta kosti tveir stjórnarmenn úr fyrri stjórn sjóðsins.

Hæfisreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gilda um stjórnarmenn og störf þeirra.

Stjórn sjóðsins ber faglega ábyrgð á störfum sjóðsins. Stjórnin skal setja sér reglur um úthlutun úr sjóðnum (úthlutunarreglur) og um starfshætti stjórnarinnar.

Við úthlutun úr sjóðnum skal stjórnin, telji hún slíkt nauðsynlegt, skipa tímabundið faghópa til að vera sér til ráðuneytis.

4. gr.

Flokkar sjóðsins

Úthlutun úr sjóðnum skiptist í neðangreinda flokka:

A. - Styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi

Í þessum flokki verða veittir styrkir til efnilegra nemenda sem áforma eða hafa hafið meistara- eða doktorsnám á sviði umhverfis- eða orkumála.

B. - Rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

Í þennan flokk falla fyrirfram skilgreind rannsóknaverkefni á sviði umhverfis- og orkumála, þar með taldar rannsóknir til notkunar vistvænna orkugjafa í samgöngum og iðnaði.

C. - Almennar virkjunarrannsóknir

Í þennan flokk falla fyrirfram skilgreind rannsóknaverkefni, sem eru á sviði almennra virkjunarrannsókna og annarra rannsókna Landsvirkjunar sem tengjast yfirleitt ekki hönnun ákveðinna virkjana.

Stjórn er heimilt að efna til verðlaunasamkeppni um verkefni sem falla að tilgangi og markmiðum sjóðsins.

5. gr.

Stofnframlag og skipting þess

Stofnframlag sjóðsins nemur kr.100.000.000.- -eitt hundrað milljónum króna-, þar af er óskerðanlegt stofnfé að lágmarksfjárhæð kr. 500.000.- -fimm hundruð þúsund krónur- að raungildi. Allt stofnframlag er lagt fram af Landsvirkjun sem ákveður skiptingu þess í flokka samkvæmt 4. gr.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður árlegt viðbótarframlag til sjóðsins annars vegar í flokkum A og B og hins vegar í flokki C, með hliðsjón að tillögu sjóðsstjórnar fyrir flokka A og B.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka við gjöfum og framlögum frá öðrum en Landsvirkjun enda séu þau án kvaða eða skilyrða.

Stjórn sjóðsins fer með úthlutanir úr sjóðnum samkvæmt flokkum A og B samkvæmt 4. gr. Landsvirkjun fer hinsvegar með úthlutanir úr sjóðnum samkvæmt flokki C. Landsvirkjun skal árlega kynna sjóðsstjórn verkefni í flokki C og getur jafnframt óskað eftir álitum sjóðsstjórnar vegna einstakra verkefna í flokki C.

Stjórn sjóðsins ákveður árlega hvernig fé skiptist milli flokka A og B skv. 4. gr. og þá um leið hversu hárru upphæð skuli úthlutað hverju sinni úr hvorum flokki fyrir sig.

6. gr.

Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru framlög og gjafir sem sjóðnum berast, vextir og aðrar fjármagnstekjur, auk annarra tekna.

7. gr.

Ráðstöfun fjár

Ráðstafa skal úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans og markmið. Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins í flokkum A og B og ákveður úthlutun í samræmi við úthlutunarreglur stjórnar og að fengnum tillögum faghópa hafi þeir verið settir á stofn varðandi einstök verkefni. Landsvirkjun ráðstafar fé sjóðsins úr flokki C.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum. Stjórnin skal gefa Landsvirkjun skýrslu um styrkveitingar sjóðsins úr flokkum A og B, fjárhagsstöðu hans og framvindu styrktra verkefna árlega eða þegar eftir er leitað.

8. gr.

Ávöxtun og rekstur

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins í flokkum A og B og ávöxtun fjármuna þess hluta. Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af fjármunum hans. Landsvirkjun ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins í flokki C og ávöxtun fjármuna þess hluta. Halda skal aðskildum fjármunum annars vegar í flokkum A og B og hins vegar í flokki C. Stjórn sjóðsins skal í samráði við Landsvirkjun sjá um að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og venjur.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og reikningar hans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

9. gr.

Aðild annarra

Landsvirkjun og stjórn sjóðsins með samþykki Landsvirkjunar er heimilt að bjóða öðrum áhugasömum aðilum aðild að sjóðnum gegn óskilyrtu, tímabundnu eða árlegu framlagi í sjóðinn.

10. gr.

Breytingar á stofnskrá og ákvörðun um slit

Allar breytingar á stofnskrá sjóðsins skulu samþykktar af stjórn sjóðsins og stjórn Landsvirkjunar. Ákvörðun um að leggja sjóðinn niður skal tekin á sama hátt.

Verði sjóðurinn lagður niður skal stjórn sjóðsins gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hans. Eignum skal ráðstafað til sambærilegrar starfsemi eða þær lagðar fram sem stofnfé í nýjan sjóð sem hefur skyld markmið. Leita skal samþykkis stjórnar Landsvirkjunar fyrir öllum ráðstöfunum eigna sjóðsins.

Stofnskrá þessi er þannig samþykkt og undirrituð af stjórnarformanni og forstjóra Landsvirkjunar í Reykjavík. Stofnskráin kemur í stað fyrri stofnskrár, dags. 2. nóvember 2007, sem fallur úr gildi, og skal jafnframt gilda hvað varðar stofnframlag, skiptingu þess og flokkun fyrir árið 2008.

Reykjavík, 21. nóvember 2008

F.h. Landsvirkjunar

Ingimundur Sigurpálsson
stjórnarformaður

Friðrik Sophusson
forstjóri